



Samræming úrgangsflokkunar

Er þitt fyrirtæki tilbúið?



Nýtt samræmt flokkunarkerfi


Með síðustu breytingum á lögum nr 55 frá 2003 um meðhöndlun úrgangs er lögaðilum gert skylt að flokka með sérsöfnun í eftirfarandi flokka:

- Pappír og pappi
- Plastumbúðir
- Lífrænn eldhúsúrgangur
- Almennt sorp

Samræmt flokkunarkerfi yfir allt land er mikilvægt fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis á Íslandi og stórt framfaraskref í baráttunni gegn loftslagsvánni þar sem sýnt hefur verið fram á að sérsöfnun á hráefni leiði til meiri og betri flokkunar.

Þessar breytingar taka gildi 1. janúar næstkomandi og með þeim verður loksins komið á samræmdu flokkunarkerfi um landið allt sem hefur mikið verið kallað eftir. Þá er lögaðilum einnig skylt að nota samræmdar flokkunarmerkingar sem mun einfalda fólki mikið við flokkun. Merkingarnar sem verða notaðar eru samnorrænar og mikið af innfluttum vörum frá Norðurlöndunum eru merktar með þessum merkjum til að leiðbeina neytendum hvernig skuli flokka.

Með þessum lagabreytingum verður ekki hægt að bjóða upp á Grænu tunnuna lengur því söfnun í hana fellur ekki undir sérsöfnun á hráefni. Fyrirtæki þurfa því að aðskilja söfnun á plasti, pappír í tvær mismunandi tunnur og málmum í þá þriðju í starfsemi þar sem málmar falla til.



Pappír

Dagblöð,
tímarit, umslög,
skrifstofupappír og
annar prentpappír

Pappi

Bylgjupappi, fernur
og aðrar umbúðir úr
sléttum pappa, t.d.
morgunkornspakkar og
eggjabakkar.




Plastumbúðir

Allar umbúðir úr hörðu eða
mjúku plasti, t.d. plastpokar,
hreinsiefnabrúsar,
skyrdósir og plastfilma



Almennt sorp

Óhreinar umbúðir og annað
óendurvinnanlegt eins og
bleyjur og tyggjó



Matarleifar

Ávextir og grænmeti, brauð,
kaffikorgur, kjöt- og fiskafgangar,
pasta, kartöflur, eggjaskurn,
tannstönglar og servíettur.



VISSIR ÞÚ AÐ...

...spilliefni innihalda efni sem eru skaðleg umhverfi og heilsu fólks og eiga því alls ekki að fara með almennu sorpi?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsluhráefni þarf að vera hreint til að nýtast til endurvinnslu?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...til falla 50milljón tonn af raftækjum árlega á heimsvísu?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...illa flokkað endurvinnsluhráefni eða óhreint er ekki hæft til endurvinnslu, er það losað sem almennt sorp?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsla á 1 tonni af plasti sparar 2600 lítra af olíu?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...með því að jarðgera lífrænan eldhúsúrgang nýtast næringarefni frá matarleifum til uppgræðslu og ræktunar?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsla á 1 tonni af pappír sparar um 4000 kwh af rafmagni?

HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM !